

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 200/2018

2021/EES/15/28

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/174 frá 2. febrúar 2018 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur um arf bágrar stöðu milli kynslóða, samsetningu heimila og þróunar tekna fyrir 2019 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18if (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/114) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18ig. **32018 R 0174**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/174 frá 2. febrúar 2018 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur um arf bágrar stöðu milli kynslóða, samsetningu heimila og þróunar tekna fyrir 2019 (Stjtið. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/174, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.